



---

# Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 25. maí 2022



## **Fyrsti fundur 65. stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, miðvikudaginn 25. maí 2022 kl. 12.00.**

Mættir voru Arnar Þorkelsson, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Kristján Gaukur Kristjánsson, Inga Lilja Lárusdóttir, Kristín Þórðardóttir, Ragnar Lárus Kristjánsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir, Jón Viðar Stefánsson, og Páll Þórólfsson.

Fjarverandi: Engin

### **Þetta gerðist:**

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 4 mánaða uppgjör  
Aþ kynnti 4 mánaða uppgjör sambandsins.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
  - a. Starfsmannamál skrifstofu – Ólafur Víðir Ólafsson hefur verið ráðinn mótastjóri frá og með 1. ágúst nk.
  - b. Staða styrktaraðila – Viðræður eru í gangi við nokkur fyrirtæki en bikarkeppni HSÍ er laus næsta keppnistímabil.
4. Verkefni sumarsins í yngri landsliðum  
Stórt sumar er framundan hjá yngri landsliðum en alls eru 12 verkefni á dagskrá.
5. Nefnd um kvannahandbolta  
Boðaður verður formannafundur í næstu viku vegna skýrslu um kvannahandbolta. Á fundinum á að skipa starfsnefnd um kvannahandbolta sem mun fylgja eftir þeim verkefnum fram að næsta stjórnarfundum. Fundurinn verður nk. miðvikudag kl. 16.00.
6. Nefnd um sjónvarpsmál  
Á ofangreindum fundi þarf einnig að skipa nefnd um sjónvarpsmál sem mun móta stefnu til framtíðar en eitt ár er eftir af samningnum við Stöð 2 Sport.
7. 100 ára afmæli handboltans  
RG kynnti tillögu af auglýsingum vegna 100 ára afmæli handboltans. RG fékk umboð til að vinna málið áfram. Þá kynnti RG einnig tillögur af lógó málum en ákveðið var að setja þau mál á ís.
8. Dómaramál  
KGK kynnti erindi frá KA/Þór og tillögu af svari. Dómaranefnd falið að klára málið. Þá kynnti KGK punkta frá dómaraáráðstefnu EHF og tillögu af dómaramenntun næsta árs. Ræða þarf nýja reglu varðandi hraða miðju og miðjuhring á formannafundi.
9. Önnur mál  
Formannafundur yngri flokka verður haldinn í næstu viku sem og dagatalsfundur mótanefndar. Á formannafundi yngri flokka verður meðal annars rætt um boltastærðir. Þá er hafin vinna við útbreiðsluverkefni á Akranesi og Reykjanesbæ.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari